4. Frantz Adolph Håkansson, fyrrv. veitingam. í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Karl Oscar Hedlund, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
6. Almar Viktor Normann, lýsismatsm. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Jóhann Severin Sjursen, sjómaður í Hafnarfirði, fæddur í Noregi.
8. Peter Jakob Andreassen Steffensen, verkam. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
9. Harald Elisar Svendsaas, vélstjóri í Neskaupstað, fæddur í Noregi.
10. Bror Westerlund, forstjóri í Hafnarfirði, fæddur í Svíþjóð.
11. Ernst Josef Ossian Westlund, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.

25
19. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

26
19. maí

um

breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað »til ársloka 1930« í 1. gr. laganna komi: til ársloka 1932.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.